

Föstudaginn 13. janúar 1967.

Nr. 188/1965. **Samband íslenzkra samvinnufélaga**

(Sveinbjörn Jónsson hrl.)

gegn

Jóni Antoníussyni og gagnsök

(Gísli G. Ísleifsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Lindal.

Vinnuslys. Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. nóvember 1965, að fengnu áfrýjunarleyfi 25. október s. á. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 23. desember 1965, gagnáfrýjað málinu með stefnu 5. janúar 1966. Gerir hann þær dómkröfur, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða honum kr. 300.021.04 ($323.677.00 \div 23.655.96$) með 6% ársvöxtum frá 7. janúar 1955 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og hér fyrir dómi.

Málsatvikum er rækilega lýst í héraðsdómi. Svo sem þar er greint, var umbúnaði landgangsins áfátt að því leyti, að ekkert reipi eða handrið var frá landganginum yfir borðstokkinn og niður á þilfar skipsins, en hins vegar bar gagnáfrýjanda að haga för sinni úr skipinu með sérstakri aðgæzlu, þar sem honum voru vel kunnar þær aðstæður, sem fyrir hendi voru. Verður slysið aðallega rakið til þess, að gagnáfrýjandi viðhafði ekki þessa gát. Þegar litið er til mála-vaxta, þykir rétt, að gagnáfrýjandi beri tjón sitt, sem hæfilega er metið í héraðsdómi, að $\frac{3}{5}$ hlutum sjálfur, en aðaláfrýjandi bæti honum það að $\frac{2}{5}$ hlutum. Frá tjóni gagn-

áfrýjanda, kr. 245.650.00, ber að draga greiðslu Tryggingastofnunar ríkisins, kr. 23.655.96.

Úrslit málsins verða því þau, að aðaláfrýjanda verður dæmt að greiða gagnáfrýjanda $\frac{2}{5}$ hluta af kr. 221.994.04, þ. e. kr. 88.797.62, ásamt vöxtum, svo sem krafist er, að öðru leyti en því, að upphafstími vaxta reiknast frá 26. júní 1957. Þá ber aðaláfrýjanda og að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, og telst hann hæfilega ákveðinn samtals kr. 32.000.00.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Samband íslenzkra samvinnufélaga, greiði gagnáfrýjanda, Jóni Antoníussyni, kr. 88.797.62 ásamt 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febrúar 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1965, 6% ársvöxtum frá þeim degi til 1. janúar 1966 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og samtals kr. 32.000.00 í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 21. júní 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms í dag, hefur Jón Antoníusson, Sigtúni 31, Reykjavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 28. júní 1961, gegn Sambandi íslenzkra samvinnufélaga, hér í borg, vegna Skipadeildar S. Í. S. til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 235.650.00 með 6% ársvöxtum frá 7. jan. 1955 til 22. febr. 1960, 10% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. s. á. og 8% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu eftir mati dómarsins. Við munnlegan flutning málsins gerði stefnandi þær kröfur, að stefnda yrði gert að greiða kr. 323.677.00 með 6% ársvöxtum frá 7. jan. 1955 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960 og 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu að mati dómsins, þar með talinn kostnaður við endurútreikning tryggingafræðings, kr. 1.400.00, sbr. 175. gr. laga um meðferð einkamála í héraði nr.

85/1936. Þá er og stenft til réttargæzlu hæstaréttarlögmanni Sveinbirni Jónssyni f. h. Trolle og Rothe h/f f. h. Assuranceforeningen „Skuld“, Kaupmannahöfn, vegna tryggingar.

Við munnlegan flutning málsins féllst lögmaður stefnda á, að hækkun stefnukröfu væri komið að nú án framhaldsstefnu, en hækkun þessi stafar af nýjum útreikningi á örorkutjóni stefnanda og nemur kr. 88.027.00.

Stefndi hefur gert þær dómkröfur, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og stefnandi dæmdur til að greiða honum málskostnað að mati réttarins.

Til vara mótmælir stefndi stefnukröfunum sem örökstuddum og of háum og krefst lækkunar á þeim.

Á hendur réttargæzlustefnda eru ekki gerðar kröfur í málinu, og hann hefur engar kröfur gert.

Stefnandi lýsir málsatvikum svo í stefnu, að um kl. 0330 föstudaginn 7. jan. 1955 hafi hann fallið efst úr landgangi m/s Helgafells, sem lá við Grófarbryggju, og niður á bryggjuna með þeim afleiðingum, að hann sé metinn hafa 15% örorku vegna slyssins. Kveðst stefnandi telja orsakir slyssins hafa verið þær, að landgangurinn hafi verið mjög brattur og hafi hann verið uppi á lunningunni fyrir framan brúna í stað þess, að hann hafi átt að vera í landgangsportinu. Landgangurinn hafi verið óupplýstur og ekkert ljós nær honum en vinnuljós uppi í möstrum. Einnig hafi landgangurinn verið mjög sleipur, þar sem um daginn hefðu verið affermd kol og tjörustaurar, en landgangurinn ekki þveginn að því loknu. Þá hafi einnig verið snjóbloti á. Vegna brattans á landganginum kveðst stefnandi hafa þurft að beygja sig til þess að ná efst í landgangsböndin, en hann hafi verið á leið frá borði og kominn efst í landganginn. Í þeim svifum kveðst stefnandi hafa runnið til og kastazt yfir böndin, en náð þó taki á þeim og muni það hafa bjargað því, að hann féll ekki milli skips og bryggju.

Í aðiljaskýrslu, dómsskj. nr. 18, skýrir stefnandi nánar frá atvikum á þessa leið:

„Að kvöldi hins 6. janúar 1955 var ég undirritaður á dansleik í Sjálfstæðishúsinu ásamt fleira fólki, m. a. Elísabetu Erlendsdóttur, Guðmundi Jóhannssyni og Hrafnkatli Guðjónssyni. Vín var haft um hönd, en í hófi, enda ýmist um algert bindindisfólk eða hófsmenn um vín að ræða.

Að loknum dansleiknum um kl. 2 náðum við í föt okkar og gengum síðan dálítið um í miðbænum. Þar kvaddi einn af hópnum, Hrafnkell Guðjónsson. Um kl. 3 fórum við Guðmundur og

Elísabet niður að skipi (m/s Helgafelli), en ég ætlaði að sækja lykil að íbúð minni að Sigtúni 27, er ég hafði gleymt í vinnufötum mínum. Komu þau með mér um borð.

Landgangur skipsins var þá reistur upp á borðstokk skipsins við II. lest, og var halli hans á að gizka 60°—70°.

Þannig var frá landgangsböndum gengið, að í efri hluta hans lágu þau í horn hans, og var ekkert til þess að halda sér í frá efri hluta landgangsins og niður tröppu, sem hafði verið lögð frá þilfari og upp á borðstokk. Var þó útbúnaður fyrir bönd á tröppunni, en hann var ekki notaður. Þar sem svona háttaði til, fór ég síðastur upp landganginn, af því að ég treysti sjálfum mér best.

Þegar við komum aftur fyrir yfirbyggingu skipsins, hitti ég vaktmanninn, Jón Jónsson, að máli og ræddi við hann um stund og þ. á. m. um landganginn, sem við töldum báðir óforsvaranlegan.

Að svo loknu fórum við í íbúð mína og drukkum við Guðmundur þar sinn bjórinn hvor, en þarna stoppuðum við í um ½ klst.

Þegar frá borði var farið, veifaði ég til vaktmannsins, sem hefur sagt við mig, er ég spurði hann, að hann hafi ekki séð vín á mér umrætt sinn.

Elísabet fór fyrst niður landganginn og síðan ég.

Ég sté efst í landganginn, landmegin við borðstokk. Sökum ófullnægjandi útbúnaðar á framlengingu á landgangsböndum, og ég þurfti þess vegna að beygja mig mikið áfram, náði ég ekki strax handfestu á böndunum, en rann á þverbíta, sem var sleipur af kolasalla og tjöru og gaf því lélega viðspyrnu, og hentist ég út af landganginum.

Mér heppnaðist að sveifla mér inn á við á bryggjuna, en annars hefði ég lent á bryggjubrúninni og fallið rotaður í sjóinn. Er þetta skeði, var Jón vaktmaður ekki nálægur, en kom að, eftir að ég hafði dottið niður á bryggjuna. Hann var því hvorki sjónarvottur né veitti neina hjálp við landgönguna.

Er ég rankaði að einhverju leyti úr rotinu, var Guðmundur farinn upp á lögreglustöð, en Jón vakti III. stýrimann, Óskar Gunnarsson, sem fór með mér ásamt Elísabetu og lögregluþjónunum upp á slysavarðstofu og þaðan á Landspítalann. Sökum þess rotaða ástands, sem ég var í, man ég óljóst um ferðina frá slysavarðstofunni á spítalann, og vissi ég síðan ekki af mér fyrr en um hádegi daginn eftir og komst þá að því, að ég var slasaður.

Útbúnaði á landgangi var áfátt um það, sem áður segir um

böndin, landgangsljós vantaði algerlega, en einungis voru siglu-
ljós. Landgangurinn var ekki hafður í landgangshliði, sem sér-
staklega er til þess ætlað, og hann var mjög sleipur af kolasalla
og tjöru.

Ég er vanur sjómaður og tel slysið einungis hafa orðið vegna
hins ófullnægjandi útbúnaðar skipsins, að því er varðar landgöngu
úr því.

Um afleiðingu slyssins er það að segja, að ég varð að hætta
námi í Stýrimannaskólanum, að læknisráði, vegna mjög mikils
höfuðverkjur, er ég hafði vegna höfuðmeiðslanna, en á næsta
ári höfðu aðstæður mínar breytt þannig, að ég gat ekki byrjað
á nýjan leik, en þá hafði ég orðið fyrir fjölskyldu að sjá.“

Stefnandi sundurliðar kröfur sínar, sem hér segir:

1. Tímabundin og varanleg örorka	kr. 185.000.00
2. Þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum	— 50.000.00
3. Útreikningur á tjóni	— 650.00

Samtals kr. 235.650.00

Eins og áður greinir og nánar verður vikið að síðar, hefur
stefnandi við munnlegan flutning málsins komið að hækkun á
1. lið bótakröfu sinnar, sem nemur kr. 88.027.00 og grundvallast
á nýjum útreikningi tryggingafræðings vegna hækkana á tekju-
grundvelli.

Stefnandi styður kröfur sínar þeim rökum, að útbúnaður sá,
sem var á landganginum, staðsetning hans og það, að hann var
óupplýstur og sleipur af kolum og tjöru, hafi valdið því, að hann
féll 4½ metra niður á bryggjuna og slasaðist þannig, að hann
m. a. hlaut brot á úlnliðsbeinum vinstra úlnliðs. Kveðst stefnandi
telja eigendur skipsins skaðabótaskylda um allt það tjón, er hann
hafi orðið fyrir, og hann sundurliðar samkvæmt því, er að framan
greinir.

Þá tekur stefnandi fram, að þegar landgangur er hafður uppi
á lunningunni, þá sé það skylda erlendis, að settur sé stafur upp
á hana, til þess að hægt sé að festa bönd á frá landgangi og ekkert
bil myndist frá lunningu og niður að fyrsta járnstafnum á land-
ganginum. Enn fremur kveður stefnandi það vera venju erlendis
að strengja net milli landgangsins ofarlega og skipssíðunnar til
þess að hindra það, að menn geti fallið milli skips og bryggju.
Virðist þetta vera sjálfsgöð varúðarráðstöfun, sem ekki hafi verið
gætt hér.

Stefndi reisir hins vegar sýknukröfu sína á því, að slys það, sem hér um ræðir, hafi ekki á nokkurn hátt verið hans sök. Landgangur skipsins og önnur tæki hafi verið í fyllsta lagi og að öllu leyti þannig fyrir komið, að á betra hafi ekki verið kosið. Í málinu hafi ekkert komið upp, sem bendi til nokkurs missmíðis í þessu efni. Landgangurinn hafi sjálfur verið heill og eins og slík tæki eiga að vera. Staður hans á skipinu hafi einnig verið réttur eftir atvikum. Hátt hafi verið í sjó og því eðlilegt, að landgangurinn væri brattur. Að landgangurinn hafi verið látinn nema við „lunninguna“, hafi eftir atvikum verið eðlilegt, þar sem hæð sjávar muni hafa verið þannig, að eigi hafi verið unnt að koma landganginum fyrir í landgangshliði, þannig að vel færi. Allar aðstæður hafi verið eins og venja sé í slíkum föllum.

Þá kveður stefndi stefnanda hafa verið vanan sjómann og hafi hann þekkt tæki skipsins vel svo og allar aðstæður. Á hinn bóginn hafi hann verið undir áhrifum áfengis og hljóti það, a. m. k. meðal annars, að hafa orðið orsök slyssins.

Sjópróf eða sakadómsrannsókn hefur ekki farið fram út af umræddu slysi. Hins vegar hefur stefnandi og vitni komið fyrir dóm, er vitnaleiðsla fór fram í málinu.

Skal nú rakið það helzta, sem vitni hafa um málið að segja.

Vitnið Guðmundur Jóhannsson, sem kveðst hafa verið í fylgd með stefnanda, er hann slasaðist, skýrir svo frá, að hann hafi verið kominn niður á bryggjuna, þegar hann sá stefnanda koma fljúgandi út af landganginum og falla niður á bryggjuna. Ekki kveðst vitnið hafa séð til, hvernig stefnandi hafi farið að, þegar hann var að fara í land, og geti því ekki sagt um aðferðir hans í einstökum atriðum. Það, sem hann segi í vottorði á dskj. nr. 11, sé ályktun sín. Vitnið kveðst hafa notið aðstoðar stefnanda við að ná í böndin á landganginum, er vitnið fór í land, en sjálfur hafi stefnandi farið síðastur í landganginn frá borði.

Vitnið segist hafa verið að skemmta sér í Sjálfstæðishúsinu umrætt kvöld ásamt stefnanda og konu hans, Elísabetu Erlendsdóttur, og neytt áfengis, en ekki hafi það verið mikið. Í skipinu hafi þeir drukkið 1—2 flöskur af bjór hvor. Vitnið staðfestir vottorð sitt á dskj. nr. 11 með þeim viðbótum og leiðréttingum, sem að framan greinir. Kveðst vitnið sjálft hafa skrifað vottorðið og samið það, en stefnandi málsins hafi verið viðstaddur, þegar það var gert. Ekki kveðst vitnið muna, hvernig lýsingu hafi verið háttað þar, sem landgangurinn var.

Vitnið Elísabet Erlendsdóttir, eiginkona stefnanda, skýrir svo

frá, að hún hafi farið fyrst í land umrætt sinn og hafi stefnandi aðstoðað hana við að ná í landgangsböndin, þar sem ekkert hafi verið til að halda sér í efst í landganginum eða í tröppum þeim, sem lágu frá þilfari skipsins og upp á borðstokkinn. Kveðst vitnið hafa verið komið niður á bryggjuna, þegar það sá Jón falla út af landganginum og niður á bryggjuna. Ekki kveðst vitnið hafa séð til, hvernig stefnandi hafi farið að, þegar hann var að komast í landganginn, og geti því ekki sagt, hverjum aðferðum hann hafi beitt við það í einstökum atriðum. Vitnið kveður Guðmund Jóhannsson hafa verið um það bil í miðjum landganginum, þegar stefnandi féll. Kveður vitnið þau þrjú hafa verið að skemmta sér í Sjálfstæðishúsinu umrætt kvöld og hafi þeir stefnandi og Guðmundur neytt áfengis, en það hafi verið lítið. Úr Sjálfstæðishúsinu kveður vitnið stefnanda hafa farið klukkan 0100 eða 0200, en man það ekki glögglega. Kveður vitnið þá stefnanda og Guðmund hafa neytt einhvers bjórs í skipinu, en man ekki að greina það nánar. Sjálfstæðistitnið einskis áfengis hafa neytt þetta kvöld, enda aldrei neyta áfengis. Þá kveður vitnið eiginmann sinn vera mjög hófsaman á vín. Vitnið segir, að ekki hafi verið ljós á landganginum sjálfum og minnst þess ekki, að sérstakt ljós væri við landganginn á bryggjunni. Vitnið kveðst ekki muna, hvernig lýsingu hafi verið háttáð á bryggjunni eða í skipinu. Vitnið kveður mikil óhreinindi hafa verið á landganginum og minnst það, að slydda hafi verið. Þá kveðst vitnið muna mjög vel, að landgangurinn hafi verið mjög þrattur. Hafi landgangurinn verið háll og mikla gætni hafi þurft að viðhafa til að fara niður hann. Vitnið tekur fram, að bönd hafi verið báðum megin á landganginum sem handrið.

Vitnið kveðst hafa skrifað vottorðið á dskj. nr. 12 og samið það í samráði við eiginmann sinn. Segir vitnið, að rétt sé frá greint í vottorðinu með þeim leiðréttingum og viðaukum, sem að framan eru raktar. Þá tekur vitnið og fram, að það hafi séð sæmilega fyrir fætur sér, þegar það fór eftir landganginum, bæði upp hann og niður.

Vitnið Óskar Gunnarsson kveðst ekki hafa séð, hvernig slysið bar að, enda verið í koju um þær mundir, er slysið varð, en vitnið kveðst hafa verið vakthafandi stýrimaður nóttina, sem slysið varð. Vitnið kveður landganginn hafa verið mjög þrattan, en landgangurinn sé eign Skipadeildar S. Í. S. og fylgi skipinu. Vitnið kveður járnhandrið vera vinstra megin á tröppunum, sem liggja frá þilfari upp á borðstokkinn, þegar farið sé frá borði.

Sé efra bandið á handriði landgangsins framlengt í járnhandriðið á tröppunum og myndi þannig handrið yfir borðstokkinn. Hinum megin sé ekki handrið á tröppunum og þar sé efra bandið á handriði landgangsins fest við borðstokkinn, þannig að ekkert handrið verði þeim megin. Kveður vitnið það, sem það nú hefur greint frá, vera hinn venjulega útbúnað, þegar landgangur er hafður á lunningu. Ekki kveðst vitnið þora að fullyrða um það, hvort umbúnaður hafi verið með þessum hætti, þegar slysið varð. Vitnið kveðst halda, að það geti fullyrt, að handrið hafi verið á tröppunum, sem lágu frá þilfari og upp á borðstokkinn, en ekki telur vitnið sig geta fullyrt neitt um það, hvort efra bandið á handriði landgangsins hafi verið tengt við handriðið á tröppunum.

Vitnið telur líklegt, að landgangurinn hafi verið háll, þar sem á þilfari höfðu verið fluttir karbolineraðir staurar. Hafi karbolinið borizt á þilfarið og þaðan á landganginn. Einnig hafi það borizt af bryggjunni á landganginn, en hún hafi verið ötuð í karbolini, þar sem staurarnir höfðu verið lagðir á hana. Vitnið telur sennilegt, að kol hafi verið með í farmi skipsins, en man það þó ekki glögglega. Vitnið kveðst ekki hafa orðið vart við háлку í landganginum þessa umræddu nótt, þegar slysið varð, en tekur fram, að það hafi fyrst og fremst verið með hugann við slysið.

Um lýsinguna við landganginn tekur vitnið fram, að ekki hafi verið nein sérstök ljós við hann sjálfan. Í grenndinni hafi verið um eftirfarandi lýsingu að ræða: gangljós í skipinu, vinnuljós í báðum möstrum og götuljós á bryggju, sem séu mjög lág og lýsi því ekki mikið upp. Vitnið tekur fram, að landgangurinn hafi ekki verið á venjulegum stað í umrætt skipti, þ. e. a. s. ekki í landgangshliði, en algengt sé, að landgangurinn sé hafður annars staðar en í landgangshliði. Vitnið tekur fram, að ástæðan fyrir því, að landgangurinn var ekki á venjulegum stað í þetta skipti, hafi verið sú, að stórstreymt hafi verið þennan dag og landgangshliðið lent lægra en bryggjan við fjöru, og það hefði getað valdið slysi.

Vitnið Einar Bjarni Þórarinsson skýrir svo frá, að það minni, að það hafi verið bátismaður á m/s Helgafelli, þegar umrætt slys vildi til, og stefnandi hafi verið skipsfélagi vitnisins. Kveðst vitnið ekki hafa séð slysið, enda ekki verið um borð, þegar það vildi til. Vitnið minnir, að landgangur hafi ekki verið í landgangsporti, heldur uppi á borðstokk, þegar slysið varð. Ekki man vitnið að greina, hver ástæðan hafi verið til þess, að landgangi

var þannig fyrir komið. Kveður vitnið það fara eftir atvikum, hvar landgangur sé hafður, oft hagi þannig til við losun og lestun skips, að flytja verði landgang. Sé það þá gert að beiðni verkstjóra þess, sem stjórnar losun eða lestun, en stýrimenn sjái um að færa landganginn til.

Vitnið kveður ekki hafa verið handfang eða handrið á lunningartröppum þeim, sem í notkun voru, þegar slysið vildi til. Þetta hafi verið með fyrstu ferðum skipsins og þá hafi skort ýmislegt smávegis. Eftir að slysið hafði orðið, hafi nýjar lunningartröppur verið fengnar og á þær hafi verið sett handrið. Þessar nýju tröppur hafi verið fengnar, stuttu eftir að slysið varð. Hins vegar hafi handriðalaus tröppurnar verið í skipinu, frá því að það kom til Íslands og þangað til nýjar tröppur voru fengnar, eins og áður segir. Vitnið kveðst hafa verið skipverji á skipinu, frá því að það kom til Íslands, til ársins 1957. Þá segir vitnið, að stefnandi hafi verið á skipinu, frá því að það kom til Íslands, allt til þess, að hann slasaðist.

Vitnið segir, að borðstokssstengur (seftarar) hafi ekki verið þar, sem landgangurinn og lunningartröppurnar voru, þegar slysið vildi til. Segir vitnið, að því sé um það kunnugt, að nýlega sé farið að gera göt í borðstokka skipa fyrir slíkar stengur. Vitnið kveður jafnan ljós vera við landganginn og kveðst telja víst, að svo hafi verið í það skipti, sem slysið varð.

Við aðiljayfirheyrslu kveðst stefnandi ekki minnst þess, að handrið hafi verið á tröppunum, sem lágu frá þilfari og upp á borðstokkinn, og víst sé, að ekkert handrið hafi verið, þegar slysið varð.

Um ástæðuna fyrir því, að landgangurinn var ekki á venjulegum stað, það er í landgangshliði, segir stefnandi, að stórstreymt hafi verið þennan dag og landgangshliðið því lent lægra en bryggjan við fjöru. Um lýsinguna segir stefnandi við aðiljayfirheyrslu, að þar hafi einungis verið um vinnuljós í möstrum og bryggjuljós að ræða, sem þó hafi ekki lýst upp landganginn, enda séu þau lág, en skipið hafi staðið hátt. Gangaljós hafi ekki lýst fram á þilfarið. Sérstök landgangsljós hafi engin verið. Stefnandi tekur fram, að hann hafi verið í tvo til þrjá mánuði á skipinu, þegar slysið varð, en sjómennsku hafi hann stundað frá barnæsku.

Stefnandi kveður uppdrátt á dskj. nr. 21, sem hann kveðst sjálfur hafa gert, eiga að sýna, hvernig útbúnaðurinn á landganginum við þetta umrædda skip var, og punktalínuna, hvernig hann hefði átt að vera. Hann kveðst ekki vilja fullyrða, að öll hlutföll

séu nákvæm, svo sem t. d. hallinn á landganginum. Stefnandi kveðst iðulega hafa gengið umræddan landgang, en aldrei undir þeim kringumstæðum, sem voru, þegar slysið varð. Kveðst hann aldrei hafa verið á þessu skipi við þær aðstæður, sem hér voru, og geti því ekki sagt neitt um venjur um það, hvernig landgangi hafi verið komið fyrir við þær. Tekur stefnandi fram, að hann hafi ekki séð slíkan frágang fyrr á landgangi við slíkar aðstæður. Hann viðurkennir að hafa fundið til áfengisáhrifa, en telur, að það hafi ekki riðið baggamuninn í þessu sambandi, enda kveðst hann vera mjög hófsamur á áfengi.

Stefnandi kveður sjópróf ekki hafa farið fram út af slysi þessu.

Stefnandi tekur fram um afleiðingar slyssins, að hann hafi orðið að hætta skólanámi þess vegna og hafi því valdið höfuðverkur, en hann hafi stafað af bólgu í ennisholum, en vegna slyssins hafi nefgöng lokast. Þetta hafi nú verið lagfært, en út af því kveðst hann hafa legið í sjúkrahúsi í viku til tíu daga. Stefnandi kveður úlnið á vinstri hendi hafa brotnað í fallinu og hafi liðið um það bil níu til tíu mánuðir, unz hann var kominn í það lag, sem hann nú sé í, en á honum sé metin 15% örorka.

Þá tekur stefnandi fram, að bein hafi brotnað fyrir neðan vinstra auga, en kveður ekki hafa stafað nein óþægindi af því, eftir að önnur meiðsli voru bötnuð.

Á árinu 1956 kveðst stefnandi hafa farið að kenna magakvilla og hafi svo staðið öðru hverju fram á þennan dag. Kveður stefnandi lækni sinn hafa talið, að kvíllanum hafi m. a. valdið truflun í ósjálfráða taugakerfinu, sem af því hafi stafað, að stefnandi hafi byrjað of snemma að vinna eftir slysið. Hafi læknirinn tiltekið hálft ár í því sambandi.

Hefur nú verið rakið það helzta úr vitna- og aðiljayfirheyrslum. En samkvæmt þeim og öðru því, sem fram hefur komið í málinu, þykir nægilega leitt í ljós, að umbúnaður á landgangi, er umrætt slys átti sér stað, hafi á engan hátt fullnægt þeim kröfum, sem gera verði til þess, að fyllsta öryggis væri gætt, þar sem upplýst er, að landgangurinn var mjög brattur og háll og engin handrið á lunningartröppum né heldur yfir borðstokk skipsins, auk þess sem landgangurinn var illa lýstur.

Með tilliti til þessa líta dómendur svo á, að stefndi sé fébóta-skyldur gagnvart stefnanda vegna tjóns þess, er hlaut af umræddu slysi, enda hefur stefndi látið undir höfuð leggjast að hlutast til um rannsókn út af því.

Hins vegar líta dómendur svo á, að með tilliti til þess, að stefn-

andi var skipverji á áðurgreindu skipi og búinn að vera það um nokkurt skeið, þegar slysið vildi til, og því átt að vera kunnugur aðstæðum, hafi hann eftir atvikum ekki sýnt nægilega varkárni í umrætt sinn og eigi hann því að bera nokkurn hluta sakar sjálfur. Þykir hæfilegt að skipta sök þannig, að stefnandi beri sjálfur $\frac{1}{4}$ hluta hennar.

Snorri Hallgrímsson læknir hefur lýst meiðslum stefnanda og læknismeðferð í vottorði á dskj. nr. 5, sem hér segir:

„Reykjavík, 26. 5. 1961.

Jón Antoníusson, f. 7. 7. 1930, til heimilis að Fáskrúðsfirði, vistaðist á IV. deild Landspítalans frá 7. 1.—5. 2. 1955 vegna slyss, er hann hafði orðið fyrir.

Slysið skeði að sögn með þeim hætti, að hann datt af þilfari m/s Helgafells og niður á bryggju. Talið var, að hann hefði komið niður á höfuð og vinstri hlið. Hann mun hafa verið fluttur beint af slysstaðnum á IV. deild Landspítalans.

Við komuna var hann með fullri meðvitund. Á vinstri augabrún var 2ja—3ja cm marsár svo og rispur á höku og kinn. Þá var blæðing kringum vinstra auga. Einnig hafði blætt úr hægri hlust. Þá reyndist vera brot á únliðsbeinum (os navicularae og os triquetrum), og os lunatum var farið úr liði. Daginn eftir komuna var gert að liðhlaupinu með skurðaðgerð, og einnig var þá fjarlægð brot úr os triquetrum. Að aðgerð lokinni voru lagðar gipsumbúðir á hönd og framhandlegg.

Hann útskrifaðist af deildinni 5. 2. 1955, en var látinn vera með gipsumbúðir í um það bil tvo mánuði eftir það.

Snorri Hallgrímsson“.

Þá hefur og Eypór Gunnarsson læknir, sem um skeið hafði stefnanda til læknismeðferðar, lýst meiðslum hans og læknisaðgerð í vottorði á dskj. nr. 20 á þessa leið:

„Reykjavík 2/3 1963.

Jón Antoníusson, f. 7/7 '30, heima Sigtúni 31, slasaðist 6/1 '55. Meðal annarra áverka brákaðist nefið þannig, að vinstri nösín stíflaðist (fractio septi nasi), og olli það miklum höfuðverk. Hann kom til mín í nóv. '55, og gerði ég þá operation á miðnesinu (Resectio septi nasi) til þess að lagfæra þetta brot. Eftir þá aðgerð lagaðist höfuðverkurinn smátt og smátt, en hann varð að hætta námi vegna þessara veikinda.

Eypór Gunnarsson, læknir“.

Bergþór Smári læknir hefur metið örorku stefnanda (varan-

lega örorku) vegna umrædds slyss, og hefur örorkumatið verið lagt fram sem dskj. nr. 9 í málinu og hljóðar svo:

„Það vottast hér með samkvæmt beiðni, að Jón Antoníusson, sjómaður, f. 7. 7. 1930, er slasaðist 6. jan. 1955, mætti til viðtals og skoðunar hjá undirrituðum 4. maí 1957. Ég mat þá varanlega örorku hans af völdum ofanefnds slyss 15%.

Bergþór Smári, læknir“.

Skulu nú einstakir kröfuliðir stefnanda athugaðir nánar.

Um 1. lið, tímabundna og varanlega örorku.

Stefnandi var 24 ára að aldri, þegar hann varð fyrir umræddu slysi. Hann hefur fengið sérfróðan mann um tryggingamál til að reikna út tjón það, sem hann hafði beðið vegna slyssins, og leggur hann útreikning tryggingafræðingsins til grundvallar um bótafjárhæð samkvæmt þessum lið, en útreikningur tryggingafræðingsins er m. a. grundvallaður á framanskráðu örorkumati. Er greinargerð tryggingafræðingsins svohljóðandi:

„Guðjón Hansen, cand. act., Hvassaleiti 12, Reykjavík.

Örorkutjón Jóns Antoníussonar.

Jón Antoníusson, sjómaður, Reykjavík (áður til heimilis á Fáskrúðsfirði), varð fyrir slysi 6. jan. 1955 (svo skv. læknisvottorði Páls Gíslasonar, en samkv. dagbókarútdrætti m/s Helgafells er slysið sagt hafa orðið 7. jan. 1955). Í bréfi, dags. 21. jan. 1958, til Agnars Gústafssonar, hdl., segir Bergþór Smári, læknir, varanlega örorku af völdum slyssins hafa verið metna 15%.

Jón er sagður fæddur 7. júlí 1930 og hefur samkvæmt því verið 24 ára að aldri, er hann varð fyrir slysinu. Var hann þá háseti á m/s Helgafelli. Um tekjur hans fyrir slysið hef ég ekki upplýsingar, en samkv. staðfestum afritum skattframtala fyrir starfsárin 1957—1959 og óstaðfestu afriti fyrir starfsárið 1956 hafa vinnutekjur hans verið sem hér segir:

Árið 1956 kr. 55.000.00 (áætl.)

— 1957 — 65.199.00 (þar af áætl. kr. 5.000.00)

— 1958 — 74.411.64

— 1959 — 86.025.81.

Samkvæmt upplýsingum yðar er Jón nú háseti á farskipi, og tvö síðastnefndu árin hefur meginhluti tekna hans komið frá Skipadeild S. Í. S. og Eimskipafélagi Íslands h/f, auk þess sem hann virðist hafa verið um tveggja mánaða skeið á fiskibáti.

Ég hef leitast við að umreikna vinnutekjur þriggja síðasttöldu starfsáranna til kauplags, eins og það hefur verið frá slysdegi til þessa, með tilliti til breytinga, sem orðið hafa á kjarasam-

ingum farmanna. Slíkt er þó erfiðleikum bundið, þar eð fasta-kaup og yfirvinnugreiðslur hafa ekki breytt með sama hætti. Í sambandi við kjarabreytingar skal þess getið, að farmenn kröfðust þess að fá bættu kjararárnun þá, sem þeir töldu afnám gjald-eysisfríðinda í febrúar 1960 hafa í för með sér. Var málinu vísað til gerðardóms, sem samkvæmt upplýsingum, er ég hef fengið hjá Eimskipafélagi Íslands h/f, komst að þeirri niðurstöðu, að hlunnindi hefðu alls numið 19% af kaupgreiðslum og þar af hefðu gjaldeyrisfríðindi numið 11½%. Frá 20. febrúar 1960 hafa farmenn fengið greidda uppbót í samræmi við þessa niðurstöðu. Þessa uppbót hef ég talið til tekna, en hef að öðru leyti ekki tekið tillit til hlunninda, sbr. þó það, sem síðar segir um lífeyrisréttindi.

Á framangreindum grundvelli reiknast mér umreiknaðar vinnutekjur starfsáranna 1957—1959 nema kr. 59.069.00 árið 1955, en síðan fara þær hækkandi og nema árið 1958 kr. 75.321.00. Árið 1959 nema þær kr. 73.575.00 og kr. 80.995.00 frá 20. febr. 1960 að telja. Er þá ekki talin með áætlunartalan 1957, kr. 5.000.00, en hún mundi hækka meðaltekjurnar og þar með eftirfarandi niðurstöðu um 2.3%.

Miðað við 15% tap hinna umreiknuðu vinnutekna frá slysdegi og til frambúðar, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Vegna fyrsta ársins eftir slysið kr. 8.591.00

Vegna tímans eftir það — 160.773.00

Samtals kr. 168.364.00

Hér hefur ekki verið reiknað með lífeyrisréttindum þeim, sem farmenn tryggðu sér frá 1. jan. 1959 að telja. Hjá lífeyrissjóði S. Í. S. veitist ellilífeyrir frá 67 ára aldri. Sé því framlagi vinnuveitanda, 6% af launum, bætt við vinnutekjurnar, en hins vegar gert ráð fyrir, að störfum sé hætt eigi síðar en við 67 ára aldur, hækkar verðmæti tapaðra vinnutekna um kr. 4.924.00. Er þá miðað við, að iðgjald greiðist af öllum tekjunum og iðgjaldagreiðslu sé hætt eftir 30 ár, en hvorugt mun almennt eiga sér stað.

Eins og að framan getur, hefur ekki farið fram mat á tíma-bundinni örorku af völdum slyssins. Hjá Tryggingastofnun ríkisins hef ég fengið þær upplýsingar, að dagpeningar slysaftrygginga hafi verið greiddir til 4. júní 1955, og virðist því hér vera um nokkurn tíma að ræða. Af þeim sökum hef ég í ofangreindri niðurstöðu tilgreint sérstaklega þann hluta tjónsins, sem á rót

sína að rekja til fyrsta ársins eftir slysið (miðað við 15% orkutap).

Við útreikninginn hefur ekki verið tekið tillit til greiðslna frá Tryggingastofnun ríkisins vegna slyssins. Reiknað er með 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950“.

Vegna kjarabreytinga fékk stefnandi tryggingafræðinginn síðar til að reikna út hækkun örorkutjóns, og hljóðar sá útreikningur svo:

„Örorkutjón Jóns Antoníussonar.

Hinn 4. febrúar 1961 sendi ég yður, herra hæstaréttarlögmaður, útreikning vegna slyss, er Jón Antoníusson, sjómaður, Reykjavík, varð fyrir 6. (eða 7.) jan. 1955. Þér hafið nú óskað eftir endurskoðun á útreikningi þessum með hliðsjón af þeim kauplagsbreytingum, sem átt hafa sér stað, síðan hann var gerður.

Miðað við þær kjarabreytingar, sem orðið hafa eftir 4. febrúar 1961 hjá hásetum á verzlunarskipum (aldurshækkanir, sem komu til sögunnar með samningum 15/9 1963, eru reiknaðar að fullu, þ. e. miðað við a. m. k. 6 ár í starfi), reiknast mér árstekjur þær, kr. 80.995.00, sem reiknað er með í fyrri útreikningi frá 20. febrúar 1960 að telja, verða sem hér segir:

Frá 1. ágúst 1961 til 31. maí 1962	kr. 92.817.00
— 1. júní 1962 til 31. jan. 1963	— 101.170.00
— 1. febr. 1963 til 14. sept. 1963	— 106.221.00
— 15. sept. 1963 til 29. febr. 1964	— 130.747.00
— 1. marz 1964 til 31. des. 1964	— 145.695.00
— 1. jan. 1965 til 28. febr. 1965	— 150.272.00
— 1. marz 1965	— 154.855.00

Við fyrri útreikning var farið eftir 6% töflum um starfsorkulíkur, samræmdum eftirlifendatöflum íslenzkra karla 1941—1950. Síðar á árinu 1961 var almennt farið að miða útreikninga við 7% ársvexti, en með hliðsjón af þeim vaxtabreytingum, sem áttu sér stað um síðastliðin áramót, hef ég ekki talið ástæðu til að breyta fyrri útreikningi að þessu leyti og reikna því með 6% vöxtum. Hins vegar eru nú til íslenzkar eftirlifendatöflur fyrir tímabilið 1951—1960, og hef ég áætlað áhrif þeirra á niðurstöðu útreikningsins.

Þegar tillit er tekið til framangreindra hækkana á tekjugrundvællinum, reiknast mér verðmæti tapaðra vinnutekna á slysdegi vera sem hér segir:

Án lífeyrisréttinda, reiknað með 6% töflum 1941—1950:

Vegna fyrsta ársins eftir slysið	kr. 8.591.00
Vegna tímans eftir það	— 250.680.00

Samtals kr. 259.271.00

Viðbót vegna lífeyrisréttinda	— 7.487.00
---	------------

kr. 266.758.00

Áætluð hækkun vegna aukinna lífslíkna (2.35%) —	6.269.00
---	----------

Alls kr. 273.027.00

Svo sem getið er um í fyrri útreikningi, mundi fjárhæð sú, kr. 5.000.00, sem skattayfirvöld hafa áætlað Jóni árið 1957 og ekki hefur verið talin með í tekjugrundvellingum hér, hækka niðurstöðutölur um 2.3%.

Um forsendur fyrir útreikningi þessum, aðrar en þær, sem gerð hefur verið grein fyrir hér að framan, skírskotast til fyrri útreiknings.

Virðingarfyllst,
Guðjón Hansen“.

Í varakröfu í málinu hefur stefndi mótmælt þessum lið stefnukröfunnar sem of háum.

Þegar allt það er virt, sem að framan hefur verið rakið, og þess meðal annars gætt, að tryggingafræðingurinn hefur í tjónútreikningi sínum ekki reiknað frádrátt vegna opinberra gjalda, þykir hæfilegt að meta tjón stefnanda samkvæmt þessum lið kr. 215.000.00.

Um 2. lið, þjáningar, lýti og röskun á stöðu og högum.

Stefndi hefur í varakröfu mótmælt þessum lið sem of háum. Sjúkrasaga stefnanda hefur að nokkru verið rakin í vottorðum lækna Snorra Hallgrímssonar og Eypórs Gunnarsson hér að framan. Þegar hún er virt og annað það, sem hér þykir skipta máli, þykir hæfilegt að taka þennan lið til greina með kr. 30.000.00.

Um 3. lið, útreikning á tjóni.

Þessum lið hefur ekki verið mótmælt, að því er upphæð hans varðar, og verður hann því tekinn til greina óbreyttur.

Samkvæmt þessu telst tjón stefnanda, það, er hér skiptir máli, nema alls kr. 245.650.00 (kr. 215.000.00 + 30.000.00 + 650.00).

Frá þessari upphæð ber að draga $\frac{1}{4}$ hluta, þ. e. hlut stefnanda í sökinni, eða kr. 61.412.50, svo og þær kr. 23.655.96, sem stefnandi hefur þegar fengið greiddar frá Tryggingastofnun ríkisins, eða samtals kr. 85.068.46. Ber því stefnda að greiða stefnanda

alls kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags. Eftir þessum úrslitum málsins ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 25.000.00, þar í innifalinn kostnaður vegna endurútreiknings örorkutjóns, kr. 1.400.00.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómendum Jóni Sigurðssyni skipstjóra og Óla Barðdal seglasaumameistara.

Dómsorð:

Stefndi, Samband íslenzkra samvinnufélaga vegna Skipadeildar S. Í. S., greiði stefnanda, Jóni Antoníussyni, kr. 160.581.54 með 6% ársvöxtum frá 26. júní 1957 til 22. febr. 1960, 8% ársvöxtum frá þeim degi til 29. des. 1960, 7% ársvöxtum frá þeim degi til 1. jan. 1965 og 6% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og kr. 25.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 16. janúar 1967.

Nr. 247/1966. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Una Þóri Péturssyni

(Ragnar Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skirlífisbrot. Nauðgun.

Dómur Hæstaréttar.

Sakaratriðum er rétt lýst í héraðsdómi. Eins og þar greinir, varðar atferli ákærða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans, sbr. 78. gr.